

SKIPULAGSVERÐLAUNIN 2012

SKIPULAGSFRÆÐINGAFÉLAG ÍSLANDS OG VISTBYGGÐARRÁÐ

Skipulagsverðlaunin eru veitt annað hvert ár til sveitarfélaga stofnana eða eða einkaaðila sem gert hafa vel á svið skipulagsmála og lagt sitt af mörkunum til að bæta og fegra umhverfi í þéttbýli og dreifbýli. Markmið verðlaunanna er að hvetja til umræðu um skipulagsmál og vekja athygli á því besta sem er að gerast á sviði skipulags á hverjum tíma.

Í ár hefur Skipulagsfræðingafélag Íslands gengið til samstarfs við Vistbyggðarráð og er því sérstaklega horft til vistvænna sjónarmiða og gilda í skipulagi þegar kemur að veitingu skipulagsverðlaunanna árið 2012.

Skipulagsverðlaunin eru veitt fyrir skipulagstillögu eða verkefni sem tilnefnt hefur verið af sveitarfélögum, stofnunum, fyrirtækjum eða einstaklingum.

Ekki er nauðsynlegt að höfundar tilnefni verk sín sjálfir. Einnig má tilnefna atburði, þætti, verkefni, opinbera umfjöllun o.fl. sem hafa orðið til þess að auka umræður og skilning á skipulagsmálum og þá einkum með tilliti til vistvæns skipulags.

Formaður dómnefndar er fulltrúi frá Skipulagsfræðingafélagi Íslands, en dómnefnd er skipuð fulltrúum Skipulagsfræðingafélags Íslands, Vistbyggðarráðs, Félagi íslenskra landslagsarkitekta, Arkitektafélags Íslands, Verkfræðingafélags Íslands og fulltrúa sveitarfélaga. Tillögur fyrir skipulagsverðlaun þessa árs geta verið í eftirfarandi flokkum:

1. Svæðisskipulag
2. Aðalskipulag
3. Deiliskipulag
4. Annað (rammaskipulag, stefnumótun, áætlanir, rannsóknir o.fl.)

Tilnefningar ásamt viðeigandi gögnum, t.d. uppdráttum og greinargerð á samt rökstuðningi skal senda á netfangið skipulagsfraedi@gmail.com. Æskilegt er að gögn séu á .pdf formi.

Þátttaka er öllum heimil og tilnefningar þurfa að berast fyrir **19. október 2012**.

